



BORÐTENNISSAMBAND ÍSLANDS

REGLUGERÐ BTÍ UM ALDURSFLOKKAMÓTARÖÐ

1. gr. Umgjörð

Aldursflokkamót eru opin mót í svonefndri aldursflokkamótaröð BTÍ. Hafa mótin sama vægi á styrkleikalista og punktamót. Aldursflokkamótin eru þrjú til sex á hverju keppnistímabili og auk þess er lokamót aldursflokkamótaraðarinnar þar sem átta efstu iðkendurnir í hverjum aldursflokki drengja og stúlkna keppa til úrslita.

Á hverju móti fá keppendur stig í samræmi við það sæti sem þeir lenda í. Fyrsta sætið gefur átta stig, annað sætið gefur fjögur stig, þriðja/fjórða sætið gefur tvö stig og fimmta, sjötta, sjöunda og áttunda sætið gefa eitt stig.

2. gr. Keppnisfyrirkomulag

Keppt skal í fjórum aldursflokkum, 11 ára og yngri, 12-13 ára, 14-15 ára og 16-18 ára. Röðun í flokka miðast við aldur keppenda um áramót.

Í hverjum aldursflokki skal keppt í riðlum og síðan einfaldur útsláttur, útsláttur, 3-5 lotur. Í samráði við mótanefnd BTÍ er einnig hægt að keppa skv. öðru fyrirkomulagi, t.d. þannig að keppt sé um hvert sæti.

3. gr. Keppnisfyrirkomulag á lokamóti

Þeir átta keppendur sem flest stig fá, öðlast þátttökurétt á lokamótinu. Á lokamóti aldursflokkamótaraðarinnar skal keppt um hvert sæti. Þannig spila leikmenn þrjá leiki hver ef full mæting er í flokki þeirra. Röðun á lokamótið ræðst af stigum fengnum á aldursflokkamótum vetrarins og raðast keppendur svo á lokamótinu: Nr. 1 spilar við nr. 8, nr. 2 við nr. 7, nr. 3 við nr. 6 og nr. 4 við nr. 5. Ef leikmenn eru jafnir að stigum skal hlutkesti, sem fram fer fyrir boðun leikmanna á mótið, ráða röðun þeirra.

Í annarri umferð leika sigurvegarar hjá nr. 1 og nr. 8 gegn sigurvegara nr. 4 og nr. 5 og sigurvegarar hjá nr. 3 og nr. 6 gegn sigurvegara nr. 2 og nr. 7. Að sama skapi leika þeir sem tapa hjá nr. 1 og nr. 8 gegn þeim sem tapa hjá nr. 4 og nr. 5 og þeir sem tapa hjá nr. 3 og nr. 6 leika gegn þeim sem tapa hjá nr. 2 og nr. 7.

Í þriðju umferðinni leika þeir sem hafa tapað báðum leikjum sínum upp á 7. sætið, þeir sem töpuðu fyrri leik sínum en unnu þann seinni upp á 5. sætið, þeir sem unnu fyrri leik sinn en töpuðu þeim seinni upp á 3. sætið og þeir sem unnu báða leiki sína upp á 1. sætið.¹

¹ Á stjórnarfundum BTÍ þann 31. ágúst 2017 var bætt við ákvæði um það að leikið skyldi upp á hvert sæti á lokamóti aldursflokkamótaraðarinnar. Sú viðbót var svar við ákalli leikmanna sem koma um langan veg til að leika á mótinu og gátu lent í því að spila bara einn leik. Einnig var bætt við setningunni „Ef leikmenn eru jafnir að stigum skal hlutkesti, sem fram fer fyrir boðun leikmanna á mótið, ráða röðun þeirra.“



BORÐTENNISAMBAND ÍSLANDS

Mæti einhver boðaðra leikmanna ekki til leiks dettur hann úr töflu og leikmenn fyrir neðan hliðrast upp um sæti. Þá mega næstu leikmenn í röðinni sem ekki komust inn skipa neðstu sæti ef þeir eru á svæðinu tilbúnir til leiks og skal hlutkesti, sem fram fer fyrir boðun leikmanna á mótið, ákvarða röðina.

4. gr.

Tilkynning til fjölmiðla

Félag sem heldur Aldursflokkamót skal tilkynna öllum íþróttadeildum fjölmiðla úrslit mótsins eins fljótt og unnt er eftir að þau liggja fyrir.

5. gr.

Mótshald og tímabil móta

Öll félög innan BTÍ geta sótt um að halda aldursflokkamót. Skal sækja um að halda slíkt mót fyrir 1. september fyrir komandi keppnistímabil. Skal mótanefnd BTÍ leitast við að hafa eitt mót í hverjum mánuði á tímabilinu september til mars og lokamót í apríl. Í umsóknum skal koma fram dagsetning fyrirhugaðs móts, dagsetning til vara, keppnisstaður og hver haldi mótið. Leitast skal við að aldursflokkamót séu haldin af flestum félögum og skal mótanefnd gæta jafnræðis í því sambandi.

6. gr.

Mótanefnd BTÍ sér um lokamót aldursflokkamótaraðarinnar. Verðlaun skulu vera í boði.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt í stjórn BTÍ þann 1. nóvember 2012.